

FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

ÞRÓUN NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFAR FYRIR FÓLK Á VINNUMARKAÐI

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði er nú starfrækt hjá öllum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og Mími-símenntun fimmta árið í röð og hjá IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fjórða árið í röð með samningum við FA. Ráðgjafar eru nú samtals 23. Mikil þróun hefur átt sér stað í málaflokknum og óhætt að segja að alltaf séu nýjar áskoranir á borðum ráðgjafanna. Á árunum 2006–2008 fór þjónustan í gegnum mikið móttunartímabil bæði hvað varðar umgjörð og innihald. Kjarninn í þjónustunni er framsækni í þeirri merkingu að farið er með hana út til starfsfólks undir fyrirsögninni „Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað: Þitt val – þín leið“.



Fjóla María Lárusdóttir

Á þeim tíma er atvinnuleysi var í lágmarki gekk ráðgjöfin nánast alfarið út á að náms- og starfsráðgjafar fóru á vinnustaði þar sem markhóp Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var að finna. Þetta var gert í því skyni að kynna fyrir starfsmönnum gildi símenntunar, hvetja þá til náms og bjóða upp á einstaklingsviðtöl um tækifæri til færniþróunar. Þá var og er enn liður í kynningum ráðgjafa á vinnustað að greina frá því hvað náms- og starfsráðgjöf felur í sér þannig að fólk gæti séð skýran ávinning af því að sækja sér þjónustuna. Þessi aðferðafræði var ekki alltaf auðveld í framkvæmd þar sem oft og tíðum var erfitt að fá samþykki stjórnenda fyrirtækja til að fá að koma inn á vinnustaðinn til að kynna þjónustuna og bjóða upp á einstaklingsviðtöl á vinnustað. Það krafðist nýrrar færni hjá náms- og starfsráðgjöfum tengdri markaðssetningu og aðferðum til að sannfæra stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja um að nýta sér þjónustuna. Mikil þrautseigja ráðgjafarhópsins og uppbygging nýrrar færni á þessu sviði hefur leitt til þess að ráðgjöfin er nú orðin þekkt á meðal almennings og sífellt fleiri sækja sér hana að eigin frumkvæði.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur ráðgjöfin breyst að því leyttinu til að nú eru flestir þeir sem koma í ráðgjöf atvinnuleitendur en ekki starfsmenn fyrirtækja. Strax í byrjun ársins 2009 jókst aðsókn að ráðgjöfinni á meðal atvinnuleitenda almennt og sóttu þeir hana að eigin frumkvæði (nánari upplýsingar er að finna í grein Sigríðar Dísu Gunnarsdóttir í ritinu). Umræður um samstarf ráðgjafarvettvangs FA og Vinnu- málaflokkunar um mitt árið leiddu til þess að samningur var gerður í nóvember á milli Vinnu- málaflokkunar (VMST), KVASIS, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og

Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. IÐAN fræðslusetur gerði síðan sambærilegan samning. Samkvæmt samningnum taka ráðgjafar þátt í að ná til atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hvetja þá til virkni.

Mikil aukning hefur orðið á fjölda viðtala á milli ára eins og kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Rétt er að hafa í huga að tölurnar ná einnig til ráðgjafarviðtala vegna raunfærnimats.

Flestar urðu fyrirtækjaheimsóknir árið 2007. Ráðgjafar hafa nú farið í flest þau fyrirtæki sem opin eru fyrir þjónustunni og oftar en einu sinni í sum þeirra. Viðtölum fjölgaði töluvert á árinu 2009 og tengist það þjónustu ráðgjafarnetsins við atvinnuleitendur. Atvinnuleitendur frá VMST voru 46% notenda þjónustunnar árið 2009 en fyrstu sex mánuði þessa árs voru þeir komnir upp í 61%. Árið 2008 var hlutfall atvinnuleitenda í ráðgjöfinni aðeins 9%. Á þessum tölum má sjá hversu miklar breytingar hafa orðið á starfssviði náms- og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvunum og stöðu markhópsins. Aðrir koma eftir fyrirtækjaheimsóknir eða að eigin frumkvæði og þá oft í tengslum við námsleiðir hjá

Tafla 1. Kynningar og viðtöl – samanburður á milli ára

Ártöl	2006	2007	2008	2009
Fjöldi heimsótttra fyrirtækja	135	442	342	202
Kynningar í fyrirtækjum/á vettvangi	166	504	395	252
Fjöldi einstaklinga á kynningum	2.594	4.495	3.832	3.003
Ráðgjafarviðtöl samtals	1.231	3.960	3.657	6.767



Hópefli á fræðslufundi.

fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Þess ber að geta að samantektartölur fyrstu sex mánuði ársins 2010 gefa vísendingu um áframhaldandi aukningu viðtala þar sem þau voru komin upp í 5.518 en það er 136% aukning miðað við sama tímabil árið 2009.

Niðurstöður viðtala sýna að flestir koma í ráðgjöfina til fá aðstoð við starfsleit/aðstoð við ferilskrá, fá upplýsingar um formlegt nám og fara í áhugasviðskönnun. Fleiri karlmenn koma í viðtöl en áður. Þeir voru 39% árið 2007 en eru nú komir upp í 58% fyrstu sex mánuði þessa árs. Tæplega helmingur notenda þjónustunnar er á aldrinum 25–40 ára. Næst kemur aldurshópurinn 41–55 ára, tæp 30%.

SAMRÁÐSVETTVAÐUR – FRÆÐSLUFUNDIR

Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafanna þar sem unnið er að þróun ráðgjafarinnar. Haldnir eru að jafnaði fjórir fræðslufundir á ári hverju þar sem samstarfsnetið kemur saman til að fara yfir þróunarmál, deila reynslu sinni og fræðast í því skyni að auka gæði þjónustunnar. Í þeim felst einnig símenntun ráðgjafarhópsins byggð á þeim fræðsluþörfum sem upp koma.

Fyrstu fræðslufundirnir gengu að miklu leyti út á að þróa umgjörð og innihald ráðgjafarinnar, kynna þá aðferðafræði sem verkefnið byggist á (Workplace guidance – Leonardo tilraunaverkefni) og þennan nýja vettvang náms- og starfsráðgjafarinnar. Áhersla var lögð á að þjónustan væri veitt þeim markhópi sem FA starfaði fyrir, þ.e. félagsmönnum í aðildarfélagum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Lagt var upp með að ná til sem flestra með upplýsingar um nám og störf.

Fljótlega kom í ljós að árangursviðmiðin, sem sett voru í upphafi verkefnisins um fjölda ráðþega, voru of háleit og voru þau aðlöguð í ljósi reynslunnar árið 2008. Misjafnlega gekk að komast inn í fyrirtæki á svæðunum og var þá áhersla lögð á þróun aðferðafræði við að markaðssetja þjónustuna með samræðum og innleggi frá sérfræðingi. Það var áberandi að þrátt fyrir jákvæð viðbrögð stjórnenda þá var sjaldan heppilegur tími fyrir þjónustuna og strandaði ákvörðun um tímasetningar oft hjá millistjórnendum. Stéttarfélag og fræðslusjóðir hafa iðulega tekið þátt í að greiða leið ráðgjafanna að fyrirtækjum.

Á fræðslufundum ráðgjafanna hefur verið lögð áhersla á samræður innan hópsins um hin ýmsu úrlausnarefni sem upp koma í ráðgjöfinni. Gerðar hafa verið reynslugreiningar til að draga fram það sem gengur vel og hvað megi betur fara. Aukin gæði í starfinu hafa verið skilgreind og þróuð. Sérfræðingar hafa komið og miðlað efni. Bodið hefur verið upp á handleiðslu bæði í hópi og fyrir einstaklinga. Ráðgjafar miðstöðvanna hafa kynnt starf sitt og sértæk verkefni fyrir hópnum inn á fundum og hefur það kveikt hugmyndir og vakið umræður til framþróunar.

Áherslur í þróunarstarfinu á síðastliðnu ári sem og



Samstarfshópur FA um þróun náms- og starfsráðgjafa á vinnumarkaði á fræðslufundi í apríl 2010.

Þessu ári hafa að miklu leyti tengst samstarfinu við Vinnu-
málastofnun og upplýsingum um vinnulag í því samhengi.
Reynslugreiningar hafa verið gerðar á samstarfinu á fræðslu-
fundum og niðurstöður nýttar til úrbóta í samvinnu við
VMST. Unnið er að skimunarlistum til notkunar í viðtölum
með atvinnuleitendum í samstarfi við VIRK – starfsendurhæf-
ingarsjóð. Ráðgjafanet FA er í samstarfi við Sérfræðisetur um
ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SAENS) varðandi rannsókn
á áhrifum ráðgjafa og rödd notenda í ráðgjöf (sem greint er
frá nánar í grein Guðbjargar Vilhjálmsdóttur í ritinu). Rann-
sóknin er styrkt af Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna
og unnin af sérfræðingahópi frá öllum norrænu löndunum.
FA hefur komið að gerð spurningalista og haft umsjón með
söfnun netfanga notenda þjónustunnar í samstarfi við náms-
og starfsráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.
Það verður gagnlegt að greina niðurstöður rannsóknarinnar

að henni lokinni. Ljóst er að alltaf má bæta gæðin og mikil-
vægt að fá raddir notenda þjónustunnar inn í þá þróun.

Á fræðslufundum er reglulega farið yfir árangurstölur þar
sem teknar eru saman þær upplýsingar sem safnað er í starf-
inu. Ráðgjafar hjá hverri miðstöð halda m.a. utan um fjölda
ráðþega, kyn, aldur, þjóðerni, skólastig, stéttarfélag, niður-
stöður viðtala, endurkomur o.fl. Nálgast má samantektir á
þessum upplýsingum í ársskýrslum og á heimasíðu FA.

RÁÐGJÖF Í RAUNFÆRNIMATI

Aukið umfang raunfærnimats á landsvísu hefur haft þau
áhrif að náms- og starfsráðgjafar símenntunarmiðstöðv-
anna hafa sótt sér þjálfun matsaðila í raunfærnimati hjá
FA. Flestir þeirra hafa komið að raunfærnimatsverkefnum
í hlutverki ráðgjafa og sumir sem verkefnisstjórar. Hlutverk

ráðgjafarinnar í raunfærnimatsferlinu er veigamikil og afar mikilvægt að veita svigrúm fyrir einstaklingsviðtöl, stuðning og eftirfylgni. Fjármögnun ráðgjafarinnar í gegnum FA spilar vel saman við raunfærnimatið og fyrirkomulagið er til fyrirmyndar í samanburði við önnur lönd sem hafa mörg hver átt erfitt með að fjármagna þennan hluta ferlisins.

Í janúar sl. var haldin ráðstefna um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf á vegum Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna (NVL) og FA. Þar fjallaði dr. Raimo Vuorinen m.a. um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í kjölfar efnahagshrunsins og hversu viðfeðm og samhæfð „ævilöng náms- og starfsráðgjöf“ (lifelong guidance) þarf að vera til þess að allir megi njóta hennar. Þar er aðaláherslan á að leiðbeina einstaklingnum um leiðir til þess að geta tekið mikilvægar ákvarðanir tengdar námi og starfi og að vera fær um að stýra eigin náms- og starfsþróun (EU Council of Ministries Resolution on lifelong guidance, 2004). Einnig benti hann á áherslu Evrópusambandsins varðandi þróun sameiginlegra viðmiða og leiðbeininga varðandi ævilanga náms- og starfsráðgjöf sem og varðandi ráðgjöf í raunfærnimati. Þess má geta að sérfræðingarnet NVL í raunfærni og náms- og starfsráðgjöf vinna nú að því að skilgreina þátt ráðgjafarinnar í ferlinu.

Mikil þróun hefur átt sér stað í ráðgjöfinni á síðastliðnum árum og er óhætt að segja að ávallt standa ráðgjafarnir frammi fyrir nýjum áskorunum. Með aðild Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitafélaga að FA stækkar markhópur ráðgjafarinnar. Ný lög um framhaldsfræðslu leggja áherslu á áframhaldandi þróun málaflokksins almennt og í gegnum aukna áherslu á rétt einstaklinga til raunfærnimats. Samráðsvettvangur ráðgjafarinnar sér fram á spennandi viðfangsefni í framtíðinni – viðfangsefni sem miða að því að leiðbeina einstaklingum um fjölbreytt tækifæri til færniuppbyggingar og veita þeim stuðning og hvatningu þegar þörfin er mest.

UM HÖFUNDINN

Fjóla María Lárusdóttir hefur starfað sem náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins frá árinu 2003 en vann m.a. áður hjá MFA og Mími-símenntun. Hún er með M.Sc. próf í náms- og starfsráðgjöf frá California State University á Long Beach og B.Ed próf frá Kennaraháskóla Íslands. Helstu verkefni hennar tengjast náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu og mati á raunfærni.